

167

5. gr.

30. apríl

Styrk úr sjóðnum skal aðeins veita til landbúnaðarnáms innanlands og utái og tíj náms á húsmæðraskólanum

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að styrkþegi sje búsettur í Ögurhreppi, sje efnalítill, hafi hæfilega undirbúningsmentun og sje að áliði hreppsnefndar verðugur þess að fá styrkinn. Styrkveiting til náms innanlands útilokar engan frá styrk til náms erlendis, ef styrkveitanda þykir ástæða til og fje er fyrir hendi.

6. gr.

Skipulagsská þessari má ekki breyta fyr en sjóðsupphæðin er orðin 25000 — tuttugu og fimm þúsund — krónur, en þá má hreppsnefndin í Ögurhreppi fá breytingar á henni, ef sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu samþykkir breytingarnar, en þá skulu allar fjárveitingar úr sjóðnum jafnan ganga til eflingar fræðslu og landbúnaði í Ögurhreppi.

7. gr.

Sjóðurinn má ekki taka við gjöfum nema frá afkomendum gefenda.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði 30. apríl 1918.

Jón A. Jónsson,
bankaútbússtjóri.

Karitas Jónsdóttir.

Kristján Jónsson

Ólafur Jónsson,
bóndi, Elliðaey.

Kristín Jónsdóttir.

168

23. okt.

Samþykt

um kynbætur hesta í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Í hreppi hverjum skal hreppsstjóriinn annast um, að kosnir sjeu á vorhreppaskílum ár hvert þrír menn í kynbótanefnd. Hefir hún á hendi alla umsjón með kynbótum hesta eftir því sem samþykt þessi ákveður.

2. gr.

Kosningarrjett til kynbótanefndar hafa allir hinir sömu og til hreppsnefndar, en kjörgengir eru allir karlmennu 25 ára í sjálfstæðri stöðu. Þá sem eru öðrum háðir má og kjósa, en þó því aðeins að húsbóndinn leyfi. Kosning gildi til eins árs, þó getur enginn skorast undan kosningu þrjú ár í röð, en að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu um jafn langan tíma.

Nú þykir kynbótarnefndarmaður einkar vel fallinn til þessa starfa, og má þá hreppsnefnd **168** veita honum þóknun úr sveitarsjóði, ef hann tekur endurkosningu eftir að hafa verið í kyn- **23. okt.** bótanefnd þrjú ár samfløytt.

3. gr.

Kynbótanefndin skal eiga með sjer tvo fundi á ári að minnsta kosti. Nefndin kys sjer formann, hann stjórnar fundum hennar, heldur gjörðabók yfir allar ályktanir hennar og framkvæmdir og hefir aðalframkvæmd allra kynbótamála í hreppnum.

4. gr.

Kynbótanefndin skal á hausti hverju kveðja hreppsþúa til að koma með hryssur sínar og graðhesta til hestamóts á ákveðnum stað í hreppnum. Velur hún þar úr svo marga graðhesta sem hún áltur nægja til kynbóta í hreppnum.

Fyrir graðhesta þá sem kynbótanefnd velur, má veita verðlaun. Alla aðra graðhesta skulu eigendur skyldir að gelda eða geyma á þann hátt að þeir ekki fylji hryssur.

Kynbótahesta verður og að gæta svo, að þeir ekki gjöri spell á hrossum manna og verðlaunaða graðhesta má eigi gelda án leyfis kynbótanefndar.

5. gr.

Aðalreglurnar við val á kynbótahestum skulu vera :

- a. Að þeir sjeu af sem bestu kyni í báðar ættir og að kyn reiðhesta og áburðarhesta sjeu aðgreind eftir því sem við verður komið.
 - b. Að þeir sjeu einlitir og af einlitu kyni og hvorki glaseygðir nje hringeygðir.
 - c. Að þeir sjeu gjörfulegir á vöxt, þreknir, fríðir sýnum, rjett hæðir og prúðir á fax og tagl
 - d. Að þeir hafi hreinan gang, hvort heldur þeir eru vakrir eða klárgengir.
- Hryssur þær, sem til kynbóta eru valdar, og einkum þær, er graðhesta skal undan ala, skulu sömu kostum og einkenum búnar sem kynbótahestarnir, að svo miklu leyti, sem því verður við komið. Kynbótanefndin semur eða lætur semja nánari reglur um val á kynbóta hrossum.

6. gr.

Graðhestar skulu ekki hafðir til undaneldis fyr en þeir eru 4 vetra, en nota má þá til kynbóta þangað til þeir eru 15 vetra; þó má kynbótanefnd víkja frá þessari reglu, ef sje-stök ástæða er til, en yngri hest en þrevetran má aldrei nota til undaneldis, enda sje hann fyrirtaks vænn og vel þroskaður. Graðhesta meður mega ekki yngri vera en 5 vetra, og ekki eldri en 18 vetra. Uppeldi og alla meðferð graðhesta og graðhesta meðra skal vanda svo vel, sem frekast er unt, og skulu settar um það sjerstakar reglur, er kynbótanefnd semur eða semja lætur.

7. gr.

Eigendur kynbótahesta skulu skyldir til að lána þá til undaneldis í hreppnum eftir ákvæðum kynbótanefndar.

Fyrir hverja hryssu, sem leidd er undir kynbótahest, skal eigandi hennar greiða gjald, sem hreppsnefnd og kynbótanefnd ákveða.

Sömuleiðis ákveða þær hvað eiganda hestsins ber að greiða til baka ef hryssan fyljast ekki.

168. Skyldir eru eigendur kynbótahesta að hafa þá stöðugt heima frá byrjun maímánaðar 23. okt. til júnímánaðarloka og halda þá þannig að auðvelt sje að nota þá.

8. gr.

Kynbótanefndin sjer um að rituð sje í bók skrá yfir allar þær hryssur, sem leiddar eru undir kynbótahesta. Í bókina skal og rita öll þau folöld með lit og einkennam er undan þeim koma, og sjer kynbótanefndin um, að þessar bækur glattist eigi.

9. gr.

Kynbótanefndin skal fyrir fardaga ár hvert semja skýrslu um störf sín og árangur þeirra umliðið ár. Skýrsla þessi sje undirrituð af öllum nefndarmönnum og sendist oddvita hreppsnefndarinnar í þeim hreppi fyrir fardaga það ár. Skýrslur þessar skulu svo fylgja hreppsreikningunum áleiðis til sýslunefndarinnar. Rísi ágreiningur á milli hreppsnefndar og kynbótanefndar, fellir sýslunefndin fullnaðarúrskurð um málið.

10. gr.

Fjárgreiðslur þær, sem nefndar eru í samþykkt þessari greiðist úr sveitarsjóði, nema öðruvísi sje ákveðið

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 1—50 kr. er renni í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Mál er rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skulu rekin sem lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samþykkt, staðfestist hjer með samkvæmt lögum 11. desember 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, sbr. lög nr. 24, 22. nóvember 1918, til að öðlast gildi 1. janúar 1920, og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut-eiga, að máli.

Atvinnu og samgöngumáladeild Stjórnarráðsins 23. október 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson